

Fundur keppnisráðs í Torfæru

Staður og tími: Google Hangouts - 16.september kl: 19.30

Mætt: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Sigurður Haukur Einarsson (SHE), Ragnar Róbertsson (RR), Valdimar Geir Valdimarsson (VGV), Kristján Finnur Sæmundsson (KFS),

Fjarverandi: Baldur Gíslason (BG)

1. Skipun í NEZ nefnd.

"Heil og sæl

Keppnisráð eiga eftir nýjum reglum að skipa í NEZ nefndir.

Nú er Ragnar Róbertsson fulltrúi Íslands í NEZ Formula Offroad Working Group.

Vill torfæuraráð endurskoða það á þessu ári?

Með kveðju, Þrándur"

Samþykkt að athuga hvort tengiliður úr NEZ ráði þurfi sitja torfæuraráði og hverjar reglurnar eru um hver megi sitja í þessu starfi og ræða þetta betur eftir nánari svör.

2. Öryggisbelti.

Öryggisbelti slitnaði í veltu á Akureyri, beltíð rann út í desember 2019.

Þarf að taka harðar á dagsetningum öryggisbelta?

AÓS mun setja tilkynningu inná keppendahóp um að tekið verði strangt á þessu í Hafnarfirði og framvegis, benda mönnum á að athuga stimpla á beltum hjá sér.

3. Reglur 2021.

AÓS mun opna skjal þar sem allir geta sett inn tillögur af reglubreytingum, finna tíma sem fyrst í að fara yfir.

4. Önnur mál.

Athuga reglur um stóla, hvort að þurfi að skerpa á kröfum um þá.

Athuga hvort við viljum skerpa á öryggiskröfum í beltamálum.

5. Næsti fundur.

Hangouts, tímasetning ákveðin seinna.

6. Fundi slitið. 20:30